

Bps. A. II. 13, bls. 78. Visitasíubók Árna prófasts Þorvarðssonar um Austfirðingafjórðung 1697.

Árni Þorvarðsson, prófastur í Árnesprófastsdæmi, vísiteraði Múlasýslur í umboði Skálholtsbiskups árið 1697.

Ástandi kirkjunnar í Húsavík austur var lýst svo:

Húsavík.

Á Fædingardag Beatæ Virginis, kom Profasturinn med sijnumm fylgjurum ad Kyrkjunne í Húsavík, og hugde hana ásamt ödrumm upp ad skrifa, enn sem hann þar kom, tjádest Kyrkjuboondenn Bjarne Einarsson ad vera mjög sjúkur og eckj gegnande, enn Kyrkjann sjálf var mjög illa á sig kominn, einkumm af slore, og ótjerlegrum ummgeingne Ódamlegra Verdreingja, sem Kyrkjuna brúkuðu fyrer Sjoobuud og íleguskaala, so hún var á allann hátt mijnkunarlega ummgeinginn,

hún er í þremur Stafngólfum med Reisefjöl, Standþile og Bjoorþile, óþiljud ummhverfis, Alltare lijtifjörlegt, Predikunarstóll einginn, í Kyrkjunne sáust Klukkur ij heilar og hljoodgoodar, annad sem K(yr)rkjunne vidveik, var ei fyrir Sjoonumma,

Kyrkjugardur einginn, lofftkorn sämilegt var í fremsta Stafngólfe, Veggir og molldir bærilegar, Hún hefur ferd verid frá Sjáfarbakka, og var Húsid ei fjarlaga Standande, hefðe hreint verið,

Sóknarprestinum, Sr Petre Þorvarðssyne, var sijdar til sagt K(yr)kjuboondann ad áminna Kyrkjunni Hreirnri ad hallda, hvar umn eirninn Visitator sagde þeim Manneskjum sijna meining, sem þar hjá Kyrkjunne voru, því þangad inn ad komast, sem Kyrkjubóndinn að sögnumm lá, treistu m(enn) sjer eckj Óhreininda vegna,

Ad so hafe framfarid ad Húsavík die ut supra votta undirskrifade

Arne Thorvardsson Eghd Olafur Jónsson Meh